

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingu á ákvæði 82. gr. núgildandi laga.

Viðskiptaráð tekur undir með greinargerð frumvarpsins að það sé grundvallaratriði að iðgjöld taki mið af þeirri áhættu sem fyrir hendi er þannig að váttryggingafélag eigi jafnan fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Fyrir váttryggingafélög að meta þá áhættu og ákveða iðgjald í framhaldinu er upplýsingaöflun nauðsynleg. Því þarf miðlun slíkra upplýsinga frá váttryggða til handa váttryggingafélaginu að vera sem fæstum hömlum bundin.

Í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að upplýsingar um sjúkdóma foreldra eða systkina séu ekki tengdar tilteknum einstaklingi heldur varði þær eingöngu váttryggingartaka sjálfan. Er því ekki gert ráð fyrir breytingum á núgildandi lögum hvað þetta varðar. Að mati Viðskiptaráðs er því óþarft að fara fram á að váttryggður staðfesti gagnvart váttryggingafélagi að upplýsingar um sjúkdóma foreldra eða systkina séu veittar með samþykki þeirra. Það að váttryggingartaki þurfti að afla slíks samþykkis er til þess fallið að þyngra váttryggingarferlið, en það er bæði váttryggða og váttryggingarfélaginu að í hag að svo verði ekki. Enn fremur má draga í efa þýðingu þessarar skyldu þar sem hann er leystur undan henni ef ekki er með sanngirni hægt að ætla að hann geti aflað slíkra upplýsinga.

Leggur Viðskiptaráð því til að sá hluti 82. gr. frumvarpsins er lýtur að framangreindu verði felldur brott. Slík breyting myndi ekki ganga gegn ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, þar sem gildissvið þeirra laga er bundið við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar skv. 1. gr. sbr. 1. tl. 2. gr. laganna.

Slík breyting væri ennfremur til þess fallinn að auðvelda íslenskum váttryggingarfélögum að uppfylla kröfur endurtryggingafélaga um upplýsingar. Slíkar endurtryggingar eru nauðsynlegar fyrir möguleika váttryggingarfélaga að geta veitt umræddar tryggingar eða a.m.k. til að unnt sé að veita slíkar tryggingar gegn hæfilegu og réttmætu iðgjaldi.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs